

SKÝRINGAR

- Þrjú sjálfstæð loftræsikerfi eru í skólanum auk tveggja útsogskerfa. Sameiginlegt loftinntak er fyrir öll kerfin í steypum turni norðan við húsið, þaðan sem loftið er dregið um rör í jörðu inn í blásaraklefa í kjallara hússins, inn á samstæðurnar. Á svipaðan hátt er loftútkastið fyrir öll kerfin um rist við kjallaratröppur. Takmörkun (hámark) á hlutfalli bakrásarlofts er virk á meiri hraðanum, á minni hraðanum er eingöngu útiloft.
- Kerfi 1 er fyrir fjölnotasal, leiksvið, anddyri og tónlistarherbergi. Heildarafköst eru um 7100 rúmmetrar á klst. Loft er dregið inn úr loftinntakinu um loftsli og lofthitara og blásið inn um hjóðgildru, stokka og innblásturs-ristar inn í rýmin. Á stokknum inn í tónlistarherbergið er eftirhitari. Ef flekaveggir eru lokaðir fer loftið um hjóðdeyfðar yfirstraumsristar inn í anddyri og er dregið út um útsogsristar í kennslustofum og eina stóra á göngum, um stokka og hjóðgildru og síðan kastað út um útkastarist við kjallaratröppur. Hitastýring er tvískipt, reglir með tveimur fjölstöðuútgöngum stýrir uppblöndun (SM1.3) og hita (LM1) í fjölnotasal, og annar með einum útgangi stýrir eftirhitara fyrir tónlistarstofuna. Stýrandi hitanemarnir eru staðsettir á vegg í viðkomandi rýmum, en takmarkandi eru í framrásarstokki.
 - Kerfi 2 er fyrir skólasafn og hópherbergi, afköst eru um 1800 rúmmetrar á klst. Loft er dregið úr loftinntakinu um loftsli og lofthitara og blásið um hjóðgildru, stokka og innblásturtúður inn í rýmin. Frá rýmunum fer loftið um hjóðdeyfðar yfirstraumsristar fram á gang. Hitastýring er með fjölstöðureggl, stýrandi hitanema í rýminu og takmarkandi í framrásarstokki.
 - Kerfi 3 er fyrir böð og búningsklefa. Afköst innblásturs eru um 1200 rúmmetrar á klst., en útsogs um 1600 rúmmetrar á klst. Undirþrýstingur er í því þessum rýmum gagnvart aðliggjandi rými. Loft er dregið úr loftinntakinu um loftsli og lofthitara og blásið um hjóðgildru, stokka og innblásturristar inn í búningsklefana. Loft er dregið úr böðum um útsogsventla, stokka og hjóðgildru og kastað út. Hitastýring er með fjölstöðureggl, stýrandi hitanema í búningsklefa og lágmarkandi í framrásarstokki. Rofi og hraðabreytir eru hjá húsverði.
 - Kerfi 4 er fyrir hússtjórnareldhús og eru afköst útsogs um 1900 rúmmetrar á klst. Loft er dregið út yfir eldavelum um ristar með fituslum, stokka og hjóðgildru og kastað út. Loft kemur inn af göngum um hjóðdeyfðar yfirstraumsristar. Rofi og hraðabreytir eru í eldhúsinu.
 - Kerfi 5 er fyrir mótuneytiseldhús og eru afköst útsogs um 950 rúmmetrar á klst. Loft er dregið út um eldhúsviftu yfir eldavel, stokka og hjóðgildru og kastað út. Loft kemur inn af göngum um hjóðdeyfðar yfirstraumsristar. Rofi og hraðabreytir eru í eldhúsinu.

Blásarar eru tveggja hraða, nema BÜ4 og BÜ5 sem eru fjölhraða. Við venjulegar aðstæður að degi til og ekkert sérstakt að gerast í fjölnotasal skal gangur þeirra vera eftirfarandi:


- B1 gengur á minni hraða, 2/3 afköst
- B2 gengur á minni hraða, 2/3 afköst
- B3 gengur á minni hraða, 2/3 afköst.
- BÜ1 gengur á meiri hraða, 1/1 afköst og spjaldloka SM1.2 er opin.
- BÜ3 gengur á meiri hraða, 1/1 afköst
- BÜ4 gengur að þörfum, hraðabreytir og rofi eru hjá kennara.
- BÜ5 gengur að þörfum, hraðabreytir og rofi eru í eldhúsi.

Þegar þörf er á meiri afköstum í fjölnotasal, tónlistarstofu eða í skólasafn og hópherbergi, er hnappur hjá húsverði sem setur B1 og B2 á full afköst í fjórar klukkustundir. BÜ1 fer einnig á full afköst, sé hann það ekki fyrir. Gaumljós í aðalstjórnstöflu og í töflu hjá húsverði blikka við þessar aðstæður. Hjá húsverði er annar hnappur sem setur B3 og BÜ3 á full afköst í tveir klukkustundir, óháð kerfisklukkku. Gaumljós hjá húsverði sýnir hvort BÜ4 eða BÜ5 ganga.

Kerfisklukkan stýrir kerfum þannig að að nóttu til og um helgar er slökkt á öllum blásurum nema BÜ1, B3 og BÜ3, sem ganga á minni hraða (2/3 afköstum) og spjaldloka SM1.2 er lokað. (Klukkan stýrir ekki BÜ4 eða BÜ5)

Gangtími, hiti, lágmarksinnblásturhiti og uppblöndunartakmörkun eru stillt í aðalstjórnstöflu í blásaraklefa. Uppblöndun verður aðeins virk á meiri hraða og ef hitari HL1 heldur ekki lágmarkshita í framrásarstokki eða óskhita í rýmum.

2-7 NOV. 1995



Teikn. nr.	Tilvisun á teikningu	Br.	Dags.	Eðli breytingar	Yf.	Sp.
B2			20.11.95	Reyndarteikning		AJM
B1			05.05.94	Loftmagn í kerfi 3.		AJM

AJM-Lagnahönnun

Arnar J. Magnússon,
Löngumyri 26, 210 Gárðabæ,
s. 65 73 12 - fax. 65 73 12.

HVALEYRARSKÓLI, 2. ÁFANGI

LOFTRÆSING
KERFISMYND

Dagsetning 21.04.1994 Verk nr. 94.01 Teikn. nr. 2.30-B2 Málsvæði 1:XX